

Vigurklerkurinn - ævisaga Sigurðar prests Stefánssonar

Bókarhöfundur: Sigurður Stefánsson prestur; Guðfinna M. Hreiðarsdóttir bjó til prentunar og ritaði formála. Inngangur eftir Jón P. Þór. Eftirmáli eftir Sigurð Bjarnason í Vigur.

Bókarheiti: Vigurklerkurinn – ævisaga Sigurðar prests Stefánssonar rituð af honum sjálfum

Gagnrýnandi: Guðmundur J. Guðmundsson, sagnfræðingur

Útgáfa: Sögufélag Ísfirðinga, Ísafirði 2009, 232 bls.

FRÁ SJÁLFSTÆÐISBARÁTTU TIL STÉTTASTJÓRN MÁLA

Bók sú sem hér er til umfjöllunar á sér langa sögu. Talið er að höfundur hafi lokið við síðasta hluta hennar 1924, skömmu áður en hann lést, en 85 ár liðu þar til hún loks kom út. Þó hafði hún í millitíðinni verið notuð við rannsóknir á því tímabil sem hún spannar og líklega kom til greina að gefa hana út kringum 1977, til þess bendir eftirmáli Sigurðar Bjarnasonar í Vigur sem þá var ritaður. Hvað kom í veg fyrir útgáfu þá skal ósagt látið en úr því hefur nú Sögufélag Ísfirðinga bætt.

Saga sú sem hér er sögð er sjálfævisaga, eins og titillinn ber með sér, og verður sjálfsgagt aðeins ein úr stórum flokki slíkra sagna sem boðið verður uppá í jólabókaflóðinu. Við lestur á henni rekst lesandinn þó fljótlega á sitthvað kemur honum spánskt fyrir sjónir og er ólíkt því sem gerist í nútímaævisögum. Framandlegast er þó líklega að höfundur talar ætíð um sjálfan sig í þriðju persónu, gjarnan sem Sigurð prest eða bara prestinn. Jón P. Þór getur þess í inngangi sínum að fyrstu persónu frásögn hafi jafnvel þótt óviðeigandi í æviminningum á þessum tíma og því sé þessi háttur hafður á. Þessi frásagnaraðferð er og notuð í fleiri æviminningum, svo sem sjálfævisögu Gísla Konráðssonar hins fróða og frá eldri tímum í Gallastríðum Júlíusar Caesars.

Eins og venjan er í ævisögum byrjar höfundur á æskuminningum sínum og rekur síðan ævi sína fram til fullorðinsára. Þar tekur hann nýjan pól í hæðina og segir eftir það í aðgreindum köflum frá prestskap sínum, búskap, afskiptum af héraðsmálum og svo landsmálapólitík en það er að sjálfsgöðu viðamesti hluti bókarinnar. Sérstakur kafli fjallar einnig um Skúlamálið svonefnda. Þótt þessi aðferð hafi vissulega ýmsa kosti þá hólfar hún óneitanlega niður æviferil séra Sigurðar þannig að á köflum er erfitt fá heildarsýn á störf hans og viðfangsefni á hverjum tíma. Það hefði því verið vel þegið ef umsjónarmaður útgáfunnar hefði sett upp einhvers konar tímaás þar sem lesandinn sæi í sjónhending hvað klerkur var að bardúsa á hverju æviskeiði.

Þar sem um sjálfævisögu er að ræða þá er hún eðlilega sögð út frá sjónarhóli höfundar og birtir sýn hans á menn og málefni. Sem dæmi má nefna að í kaflanum um prestskap séra Sigurðar kemur fram að í trúmálum fylgdi hann svonefndum rétttrúnaði að málum og hafði ímugust á nýguðfræðinni sem ruddi sér til rúms á Íslandi um aldamótin 1900 (38-39). Lýsing Sigurðar á þeirri stefnu er í samræmi við það og því hefði verið rétt af útgefanda að skýra raunverulegt inntak nýguðfræðinnar í neðanmálgrein lesendum til fróðleiks. Reyndar hefði gjarnan mátt hafa fleiri skýringar og athugasemdir frá útgefanda í neðanmálgreinum. Í kaflanum um prestskapinn er líka í prýðileg lýsing á hinu margþætta hlutverki íslenskra sveitapresta um aldamótin 1900 og hreint forkostuleg lýsing á kosningabaráttu fyrir prestskosningar í Reykjavík þegar séra Sigurður bauð sig fram þar árið 1889 (36-37). Af þeirri lýsingu má ráða að það hefur verið sannkölluð landhreinsun þegar prestskosningar voru aflagðar.

Séra Sigurður Stefánsson er prýðilega ritfær og nýtur sá hæfileiki sín einkum í palladómum hans um samferðarmenn sína. Enginn þarf að fara í grafgötur með það hvernig klerki líkaði við þá sem á vegi hans urðu en yfirleitt segir hann samt kost og löst á hverjum manni hvort sem um er að ræða samherja eða andstæðinga. Lýsing hans á samherja sínum til langs tíma, Skúla Thoroddsen, er gott dæmi um þetta. Þar dregur Sigurður upp í fáum snörpum dráttum helstu skapgerðareinkenni Skúla, bæði mannkosti hans og ekki síður þá skapgerðarbresti sem ollu því að hann varð aldrei ráðherra (55-56 og 115-116). Palladómar Sigurðar eru og gjarnan í íslendingasögustíl, svo sem þegar hann segir um Jón Ólafsson ritstjóra að hann hafi verið vel að sér gjör um alla þá hluti er voru honum ósjálfráðir (78). Sama dóm fær Jónas frá Hriflu. Yfirleitt eru dómar hans um þá menn sem hann kynntist á fyrri hluta ævinnar í sæmilegu jafnvægi hvort sem fjallað er um samherja eða andstæðinga. Í síðasta hluta bókarinnar gerist klerkur hins vegar mun dómharðari. Til dæmis hefur hann fátt gott að segja um Jónas frá Hriflu en einnig fá Klemens Jónsson, Lárus H. Bjarnason og Jón Ólafsson ritstjóri harða útreið. Einna versta meðferð fær þó Magnús Jónsson fjármálaráðherra 1922-1923 í ráðuneyti Sigurðar Eggerz (190-192). Séra Sigurður gengur oft harla langt í að klekkja á andstæðingum sínum og hikar ekki við að nota til þess orðróm, svo sem þegar hann segir Guðmund Björnsson landlækni hafa verið

kókaínfíkil (157).

Séra Sigurður Stefánsson skipaði sér snemma í þann flokk sem lengst vildi ganga í sjálfstæðiskröfum á hendur Dönum. Í þeim efnum átti hann sálufélag við Skúla Thoroddsen og var samstarf þeirra langt og farsælt, ekki bara í baráttunni fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, heldur einnig fyrir ýmsum framfaramálum í héraði meðan báðir voru búsettir við Ísafjarðardjúp. Meðal annars stóðu þeir að stofnun og útgáfu Þjóðviljans og skrifaði Sigurður fjölda greina í blaðið. Nokkuð dró þó sundur með þeim félögum síðustu árin sem þeir lifðu báðir og kemur glögg fram að séra Sigurði þótti Skúli fulllestrengingulegur í afstöðu sinni í sjálfstæðismálinu á lokaspretti þess. En fleira getur einnig komið til. Skúli var eins og kunnugt er ekki bara róttækur sjálfstæðissinni heldur hafði hann auk þess brennandi áhuga á hagsmunamálum allrar alþýðu. Stefna hans myndi líklega flokkast undir það sem kallað er sósíal-líberalism í anda John Stuart Mill. Skúli beitti sér í ræðu og riti fyrir afnámi ýmiss þess sem tilheyrði gamla bændasamfélaginu og féll illa að nútímasamfélagsgerð, svo sem vistarbandinu. Annað baráttumál hans var að kaupgjald skyldi greitt í peningum. Einnig var hann áhugamaður um kosningarétt kvenna svo eitthvað sé nefnt. Séra Sigurður var hins vegar mun íhaldssamari í félagsmálum sem sést best á því að honum liggur mjög illa orð til jafnaðarmanna og leiðtoga þeirra og taldi þá hafa óheillavænleg áhrif á íslenskt samfélag. Eitt af þingmálunum sem séra Sigurður beitti sér í á síðustu árum sínum á þingi voru vökulögin og barðist hann gegn setningu þeirra með oddi og egg. Það er því eins víst að bilið milli þeirra félaga hefði breikkað ef Skúli hefði lifað lengur en hann lést 1916. Með nokkrum rétti má segja að síðustu árin hafi Sigurður verið orðinn næsta utanveltu í íslenskum stjórnámum og víða kemur fram í ævisögunni að honum hugnuðust ekki þau stéttastjórnsmál sem leystu stjórnsmálalabaráttu heimastjórnar- og landshöfðingjatímans af hólmi en þar hafði baráttan fyrir þjóðréttindum Íslendinga verið í fyrirrúmi. Séra Sigurður er í raun fulltrúi liðsins tíma, bændasamfélags 19. aldar, þó svo að hann beitti sér fyrir ýmsum framfaramálum bæði heima í héraði og á þingi.

Fyrir þá sem vel þekkja til stjórnmála á landshöfðingjatímanum og heimastjórnarárunum kemur sjálfsagt fátt á óvart í þessari bók enda hefur hún áður verið notuð við rannsóknir á þessum tíma. Fyrir aðra er hér þó sitthvað hnýsilegt finna, svo sem frásögn séra Sigurðar af þeim átökum sem urðu í Sjálfstæðisflokknum eldri kringum ráðherraráðgjafi Björns Jónssonar (115-116) og hversu harðvítug átökin í kringum þjóðaratkvæðagreiðsluna um áfengisbannið voru (123-131). Séra Sigurður er hins vegar einkennilega fáorður um ýmsa stóratburði, svo sem Uppkastsslaginn, einhverja hörðustu kosningarimmu sem háð hefur verið á Íslandi.

Sögufélag Ísfirðinga á þakkir skildar fyrir gefa út sjálfsævisögu séra Sigurðar í Vigur. Þótt sagan breyti ef til vill ekki miklu hvað varðar heildarþekkingu okkar á þeim tíma sem hún spannar þá gefur hún óneitanlega fyllri mynd af ýmsum þeim atburðum sem þar fjallað er um og lýsir vel tíðarandanum auk þess að vera bráðskemmtileg aflestrar. Í inngangi sínum að bókinni getur Jón P. Þór þess að tveir samtímamenn Sigurðar hafi einnig skrifað minningar sínar, þeir Hannes Þorsteinsson og Klemens Jónsson. Ævisaga Hannesar kom út fyrir nokkrum áratugum síðan, nú hefur ævisaga séra Sigurðar verið sett á þrykk og því má spyrja, er ekki að verða kominn tími á Klemens?